



Fjölbreyttaskóli Suðurlands  
Vorönn 2016

## SPÆN1CC05 Byrjunaráfangi 3 í spænsku

<b>Kennari:</b>	<b>Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>GKS</b>
-----------------	--------------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Orðaforðinn er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð.

Til að æfa þessi atriði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

Fólk; líf þess og athafnir í fortíð.

Líkaminn, heilsa og lifnaðarhættir.

Tala um framtíðarplön.

Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á spænsku í töluðu og rituðu máli, og einnig verður lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Unnið verður með fjölbreytt efni, meðal annars tónlist, myndbönd, leiki og ýmist efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær spænskumælandi menningarheimi og eflir menningarläsi nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

**Undanfari:** SPÆN1BB05

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

## **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- að beita orðaforða á skýran hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

## **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr kunnuglegu efni
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum um kunnugleg efni og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- miðla eigin þekkingu, skoðunum, tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein.

## **Námsefni:**

- Español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Ljósrit frá kennara
- Æfingar á Moodle
- [www.snara.is](http://www.snara.is) (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
- Þunn plastmappa fyrir ljósrit og verkefni
- Duolingo appið (<https://www.duolingo.com/>) → tengjast réttum hóp inni á duolingo, klara2408@gmail.com)

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Í hverri viku eru fjórir tímar í áfanganum, þar af mun einn tími vanalega fara í hlustun og tal, síðasti tími vikunnar mun vera tileinkaður „léttara efni“, t.d. að horfa á myndbönd, fara í leiki og gera eitthvað sem er ekki í kennslubókinni. Þetta getur að sjálfsögðu breyst t.d. ef kaflapróf eða skrap lendir á þessum dögum.

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
2	4. – 10. janúar	- Farið yfir kennsluáætlun. - Nemendur kynna sig. - Ýmsar gagnlegar vefsíður skoðaðar. - Duolingo aðgangur stofnaður. - Upprifjun úr SPÆN1AA05 og SPÆN1BB05.	
3	11. – 17. janúar	- Upprifjun - 8B – Atburðapátíðin – upprifjun. - Atburðapátíðaljósrit.	
4	18. – 24. janúar	11B – Atburðapátíðin.	<b>Ritun:</b> Mis vacaciones de verano.
5	25. – 31. janúar	10A – Líkaminn og sögnin <i>doler</i>	
6	1. – 7. febrúar	12A – Atburðapátíðin (ór.sagnir)	<b>Ritun:</b> Mi vida. <b>Sagnapróf:</b> Atburðapátíðin (ór.sagnir)
7	8. – 14. febrúar	12A – Verkefni Upprifjun fyrir KP1	<b>Einstaklings- eða paraverkefni:</b> Un viaje <b>Kaflapróf 1</b>
8	15. – 21. febrúar	10B – Lýsingarþátíðin	<b>Ritun:</b> Mi abuel@
9	22. – 28. febrúar	12B – Núliðin tíð	
10	29. feb. – 6. mars	10C-10D – Náin framtíð Atriði til hlustunarprófs 1	<b>Ritun:</b> Este fin de semana
11	7. – 13. mars	Verkefni Upprifjun fyrir KP2	<b>Hlustunarpróf 1</b> <b>Kaflapróf 2</b>
12	14. – 20. mars	11A – Spurnarfornöfn	
13	<b>21. – 27. mars</b>	11C-11D – Háar tölur, dagsetningar og ártöl	
14	<b>28. mars – 3. apríl</b>	Kvikmynd	<b>Einstaklingsverkefni:</b> Kvikmyndaverkefni
15	4. – 10. apríl	12C-12D – Reglur, hefðir og bönn 13A – Hús og híbýli	<b>Ritun:</b> Mi casa ideal
16	11. – 17. Apríl	Upprifjun fyrir KP3 Atriði til munnlegs prófs Atriði til hlustunarprófs 2	<b>Kaflapróf 3</b> <b>Hlustunarpróf 2</b> <b>SKRAP</b>

17	18. – 24. apríl	Munnleg próf	<b>Munnleg próf:</b> 23-24, 26. - 27. nóv.
18	25. apríl – 1. maí	Upprifjun fyrir lokapróf	<b>Upprifjun fyrir lokapróf:</b> 30. nóv. – 4. des.
19	2. – 8. maí	Upprifjun fyrir lokapróf, Skrap	
20	9. – 15. maí (11.05)	SKRAP	<b>SKRAP</b>

### Sérreglur áfangans:

- Á önninni eru þrjú kaflapróf og gilda öll til lokaeinkunnar.
- Nemendur gera/skila verkefnum inni á Moodle.
- Nemendur taka nokkur glósupróf sem tilkynnt verða af kennara.
- Nemendur halda vinnumöppu þar sem þeir geyma öll sín verkefni og annað tengt spænskunni.
- Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku inni á Moodle og bera því sjálfir ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.
- Nemendur eldri en 20 ára skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur.
- Þeir nemendur sem ná vetrareinkunninni 9, eru með yfir 8 í kaflaprófum og eru með góða ástundun þurfa ekki að taka skriflegt lokapróf.
- Ef nemandi er fjarverandi vegna veikinda eða leyfis þegar próf er tekið í tíma verður hann sjálfur að leitast við að taka prófið við fyrsta mögulega tækifæri.
- Einkunnin 0 fæst fyrir vanskil á verkefnum.
- Notkun síma, tölvu og ipods/mp3 spilara er ekki heimil í tímunum nema kennari taki það sérstaklega fram, t.d. í tengslum við verkefnavinnu o.þ.h. . **Ítrekuð notkun slíkra tækja getur orsakað fjarvist í tíma.**
- Klósettráp er ekki æskilegt, frímínútur eru ætlaðar til þess að nota salernið. Vinsamlegast sýnið kennara ykkar og samnemendum þá kurteisi að byrja ekki tímann á því að fara á salernið og trufla/tefja kennsluna. Ef þið nauðsynlega þurfið að nota salernið, biðjið þá um leyfi kennara að fara fram.
- Ef þið þurfið einhverra hluta að fara fyrr úr tíma, látið þá kennarann vita í byrjun tímans eða fyrir tímann, ef mögulegt er.
- Ef þið gleymið bókum heima, fáði þá lánaðar bækur á bókasafni eða fáði að sjá hjá sessunaut og skrifið niður það sem gert er í tímanum.

### Einnig skulu hafðar í huga skólasóknarreglur skólans:

- ❖ Kennari merkir við í upphafi kennslustundar. Mæti nemandi eftir það telst hann koma of seint.
- ❖ Nemandi telst fjarverandi úr kennslustund ef hann kemur eftir að 20 mínútur eru liðnar af kennslustund.
- ❖ **Sé nemandi fjarverandi hlýtur hann 1 fjarvistarstig.**
- ❖ **Komi nemandi of seint í kennslustund hlýtur hann 0,33 fjarvistarstig.**
- ❖ Yfirgefi nemandi kennslustund áður en henni lýkur og mætir ekki aftur í tímann fær hann fjarvist.

Að auki skal bent á að ef nemandi fer fram og er **10 mínútur eða lengur** frammi að jafngildir það fjarvist.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	Þrjú skrifleg próf úr efni lesbókar	25%
Vinna á önn	Glósupróf, sagnapróf, ritanir, verkefni, Duolingo ofl.	15%
Hlustunarpróf	Tvö hlustunarpróf úr yfirförnu efni	5%
Munnlegt próf	Munnlegt próf verður tekið í lok annar, munnleg færni verður einnig metin í skilaverkefnum í formi hljóðskráa	5%
Lokapróf	Skriflegt lokapróf	50%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Með von um skemmtilegt samstarf,  
janúar 2016,  
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir